

LEGA LOTU 2 FRÁ HAMRABORG AÐ SMÁRALIND

MINNISBLAÐ

ADDRESS Verkefnastofa Borgarlínu
Vegagerðin
Suðurhraun 3
210, Garðabær
Iceland

E-MAIL borgarlinan@borgarlinan.is
WWW borgarlinan.is

EFNISYFIRLIT

1	Lega Borgarlínu	2
1.1	Valkostirnir	2
1.2	Samanburður valkosta	3
1.3	Samantekt	5
1.4	Niðurstaða	6
1.5	Næstu skref	6

Document information			
Title:	LEGA LOTU 2 FRÁ HAMRABORG AÐ SMÁRALIND		
Document no.:	BL200-PMG-TN-CD00-PMO001		
Version	Date	Prepared	Description
1.0	2021.10.14	HÁP	
2.0	2024.05.20	ÁK	
Quality assurance information			
Prepared	HÁP, Vegagerðin	date 2021.10.14	
Checked	HRH, Vegagerðin	date 2021.10.15	
Approved	HÁP, Vegagerðin	date 2021.10.15	
Distribution			
Kópavogsbær			
Document owner			
Borgarlínan, Reykjavík, Iceland www.borgarlinan.is			

1 Lega Borgarlínu


Frá því að byrjað var að greina mögulega legu Borgarlínu í Kópavogi hafa verið tvö sjónarmið um tenginu milli Hamraborgar og Smáralindar. Annars vegar að fara eftir Hafnarfjarðavegi og um Fífuhammsveg líkt og strætóleið 2 gerir í dag og hins vegar að fara eftir Digranesvegi og Dalvegi.

Umræddur kafli er hluti af borgarlínu lotu 2. Í þessari greinargerð er að finna niðurstöður rýni Verkefnastofu Borgarlínu á samanburði þessara tveggja valkosta sem gerð var í samráði við Strætó bs. og umhverfissvið Kópavogsbæjar.

1.1 Valkostirnir

Í tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er að finna eftirfarandi umfjöllun um mögulega legu Borgarlínu í Kópavogi ásamt þemakorti:

Gert er ráð fyrir að Borgarlínan fái aukið sérrými að Smáralind, leiðin mun að öllum líkindum liggja um Hafnarfjarðarveg og Fífuhammsveg en einnig hefur verið rætt um hún fari Digranesveg, sá möguleiki er sýndur á þemakorti. Samanburður mun verða gerður síðar.



Mynd 1: Skýringarmynd 5-20 í tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Sýnir þemakort af Borgarlínu í Kópavogi, legu og kjarnastöðvum í samræmi við tillögur að Nýju leiðarneti Strætó. Tveir valkostir eru sýndir um leguna milli Hamraborgar og Smáralindar, rauð lína.



Í eftirfarandi umfjöllun verður leiðin um Hafnarfjarðarveg og Fífuhammsveg auðkennd sem valkostur I og leiðin um Digranesveg auðkennd sem valkostur II.

1.2 Samanburður valkosta

Leiðarkerfi og rekstur strætó

Strætó bs. hefur gefið út drög að nýju leiðarkerfi með tilkomu Borgarlínu og er þar gert ráð fyrir að stofnleið A (sjá mynd) muni aka eftir Borgarlínuinnviðum í lotu 1 og valkosti I í lotu 2 þegar inn í Kópavog er komið. Verkfræðistofan Efla aðstoðaði Strætó við að bera saman valkosti I og II úr aðalskipulagi Kópavogs með því að keyra leiðarnetið í gegnum samgöngulíkan. Niðurstaða Eflu var að helstu kostir valkosti I, liggi í styttri ferðatíma og fleiri farþegum sem hvoru tveggja leiðir til lægri rekstrarkostnaðar fyrir Strætó. Jafnframt kemur fram að það sé talinn kostur að geta boðið uppá beina tengingu allra Kópavogsbúa við íþróttasvæðið í Fífunni, að auðveldara sé að útfæra stöð við Smáralind og akstursleiðin sé beinni og þægilegri fyrir farþega í valkosti I en í valkosti II. Valkostur I myndar einnig betri tengingu milli Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Smáralindarinnar um skiptistöð við Fífuna.

Helsti ókostur valkosti I í samanburði við valkosti II er að borgarlínuleiðin liggur ekki framhjá Menntaskólanum í Kópavogi (MK) og því að heldur fleiri íbúar séu í dag á áhrifasvæði valkosti II. Sú stoppstöð borgarlínunnar sem verður næst MK verður staðsett í Hamraborginni í valkosti I, í um það bil 500 m fjarlægð frá MK (c.a. 6 mínútna göngufjarlægð). Í nýju leiðarkerfi strætó er gert ráð fyrir að borgarlínuleið A liggi um Fífuhvamsveg (valkosti I) en að strætóleið N fari um Digranesveg og Hamraborgina með 15 mínútna tíðni á háannatíma og myndast þannig strætó tenging milli Hamraborgar og MK. Þessi strætóleið mun mæta þörfum íbúa svæðisins, nemenda og starfsfólks MK samkvæmt samgöngulíkaninu.




Mynd 2: Nýtt leiðarkerfi strætó. Leið N, græn lína liggur frá Smára að Hörpu um Digranesveg og Hamraborg. Leið A rauð lína liggur frá Hörpu að Vatnsenda um Fífuhvamsveg og Hamraborg.

Í valkosti II um Digranesveg er ekki fyrirjáanlegt að hægt sé að bjóða upp á sérrými alla leið auk þess sem 13 gatnamót eru á leiðinni, það hefur áhrif á ferðatíma og áreiðanleika kerfisins.

Tenging við stofnstíga

Meðfram Fífuhvamsvegi er fyrirhugað að leggja aðskilda göngu- og hjólastíga sem eru hluti af stofnhjólakerfi höfuðborgarsvæðisins. Við vestari enda Fífuhvamsvegjar tengist stofnstígakerfið inn á stofnstígakerfi við Hafnarfjarðarveg til suðurs og norðurs, og um stofnstígakerfi vestur Kársnes og að Fossvogsbrú. Við eystri enda Fífuhvamsvegjar tengist stofnstígakerfið inn á stofnstíganet við Arnarnesveg og norður Elliðaárdal. Stofnstígakerfi við Fífuhvamsveg er því mikilvægur hlekkur til að mynda heildstætt net stofnhjólaleiða sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og helstu hverfi innan þeirra. Æskilegt er að borgarlínuleiðir og stofnhjólakerfið séu skipulagðar í samhengi þar sem vegfarendur stofnhjólakerfisins og farþegar borgarlínunnar njóta góðs af innviðum hvors annars. Gert er ráð fyrir að notendur geti samþætt þessa ferðamáta, að hjóla og að taka Borgarlínuna. Í valkosti I samnýtast innviðir lotu 2 og stofnstígakerfisins.



Mynd 3: Stofnhjólakerfi höfuðborgarsvæðisins

Framkvæmd og kostnaður

Ekki er marktækur munur á lengd valkosta en báðir eru rúmir tveir kílómetrar. Sá munur er þó á að í valkosti I samnýtast innviðir Lotu 2 og Lotu 4 um Hafnarfjarðarveg milli Hamraborgar og Fífuhvamsvegjar og er þetta sá valkostur sem gert hefur verið ráð fyrir í fjámögnun samgöngusáttmálans.

Valkostur I

Valkostur I samnýtir innviði lotu 4 um Hafnarfjarðarveg og því er ekki horft sérstaklega til flækjustigs þess kafla þar sem leysa þarf þau úrlausnaratriði hvort sem er fyrir lotu 4.

Á Fífuhvamsvegi eru undirgöng nægjanlega löng svo ekki er gert ráð fyrir að framlengja þurfi þau, í valkosti I þarf að fara um 6 gatnamót frá Hamraborg að Lindum en þar af eru 4 nú þegar ljósastýrð.

Valkostur II

Í valkosti II má gera ráð fyrir að rask vegna framkvæmda hafi umtalsverð áhrif á íbúa við Digranesveg og flækjustig framkvæmda eykst þar sem nauðsynlegt er að tryggja aðgengi íbúa að húsum á framkvæmdatíma, alls eru innkeyrslur á þessari leið 50, þar af þrjár stórar innkeyrslur í Kópavogsskóla,

MK og Digranes Kirkju. Framkvæmdir á Digranesvegi munu einnig hafa áhrif á umferðaskipulag í hverfinu. Vegna þrengsla í götusniði Digranesvegur verður ekki pláss fyrir fullt sérrými, göngu- og hjólastíga.

Meðfram Digranesvegi liggur 132 KV háspennustrengur sem þverar götuna á tveimur stöðum. Færsla á 132 KV streng er alltaf flókin og dýr framkvæmd en Veitur meta að það muni kosta á bilinu 300-400 milljónir króna að færa hann á um 1,2 km kafla.

Valkostur II fer um 17 gatnamót sem þarf að endurhanna og mögulega gera ljósastýrð en þar af eru 3 ljósastýrð í dag. Á Dalvegi og Digranesvegi þarf líklega að framlengja undirgöng. Á Digranesvegi er 10% halli á 200 metra kafla sem er yfir hönnunarviðmiðum sem þýðir að huga þyrfti að því að hita upp þann kafla vegna hálkuvarna.

1.3 Samantekt

Kostir og gallar hvors valkosta eru teknir saman hér að neðan.

Valkostur I

Helstu kostir:

- Samnýtir borgarlínuframkvæmdir á Hafnarfjarðarvegi.
- Samnýtir framkvæmdir við stofnstig hjóleiða á Fífuvammsvegi.
- Góð tenging stöðva við helstu hjólaleiðir í Kópavogi.
- Gott rými í götusniði fyrir sérrými, hjólastíga og göngustíga.
- Hægt að tryggja sérrými alla leið og því yrði ferðatími í Smáralind styttri.
- Bein tenging við Fífuna þar sem eru mannmargir viðburðir og íþróttastarf.
- Betri tenging Borgarlínu frá Garðabæ og Hafnarfirði í Smáralind með skiptistöð við Fífuna.
- Möguleikar fyrir „commuter“ bílastæði við Fífuna.

Helstu gallar:

- Nálægasta borgarlínustöð verður í 500 m fjarlægð frá MK

Valkostur II

Helstu kostir:

- Stoppar við MK
- Myndar skýran ás eftir Digraneshálsi og Kársnesi eftir Borgarholtbraut.

Helstu gallar:

- Þrengsli í götusniði og ekki nægt rými fyrir fullt sérrými, hjólastíga og gangstéttar.
- Flóknari framkvæmdir þar sem farið verður um 13 gatnamót sem þarf að endurhanna og mögulega gera ljósastýrð.
- Minni þægindi fyrir farþega vegna erfiðari beygja.
- Ekki hægt að tryggja sérrými alla leiðina og því yrði ferðatími í Smáralind lengri og áreiðanleiki kerfis minni.
- 10% halli á hluta Digranesvegur sem er yfir hönnunarviðmiðum og hefur áhrif á hálkuvarnir.
- 132 KV háspennustrengur liggur meðfram Digranesvegi og þverar hann á 2 stöðum.
- Rask á framkvæmdatíma hefur umtalsverð áhrif á líbúa Digranesvegur og umferð um hverfið.

1.4 Niðurstaða

Þegar horft er bæði til þess samanburðar sem gerður hefur verið í samvinnu við Strætó og umhverfissvið Kópavogs er það eindregin niðurstaða verkefnastofu Borgarlínunnar að valkostur I sé hagkvæmari og betri kostur og því er lagt til að lota 2 liggi eftir Hafnarfjarðarvegi og Fífuhammsvegi.

Helsti ókostur valkosts I er að borgarlínuleið mun ekki stoppa við MK. MK er í um 6 mínútna göngufjarlægð frá fyrirhugaðri borgarlínustöð í Hamraborg og eru uppi áform um að bæta umhverfi gangandi og hjólandi til austurs frá Hamraborginni. Aukið aðgengi örflæðis s.s. rafskúta mun hjálpa við að stytta þá leið fyrir stóran hóp auk þess sem tíðar ferðir strætóleiðar N milli MK og Hamraborgar munu bæta aðgengi.

Valkostur I liggur milli Hamraborgar og Fífunnar og þverar Kópavogslækinn sem er viðkvæmt svæði. Huga þarf vel að útfærslu og framkvæmd á þessu svæði en ekki er hjá því komist þar sem þessi leggur er einnig hluti af Borgarlínu lotu 4 sem liggur suður til Hafnarfjarðar.

1.5 Næstu skref

Vinna við frumdrög og valkostagreiningu Borgarlínu um Hamraborg eru nú í gangi og er sú vinna unnin í samráði við Kópavogsbæ. Í þessari vinnu hefur valkostur I í Aðalskipulagi Kópavogs verið lagður til grundvallar. Þegar niðurstaða Kópavogs liggur formlega fyrir verða frumdrög lotu 2 boðin út.